

## Umsögn um frumvarp til laga

um skipulag haf- og strandsvæða

Dags.: 4.5.2018

148. löggjafarþing, 425. mál

Laxar fiskeldi ehf. er laxeldisfyrirtæki sem rekur þrjár seiðastöðvar í Sveitarfélaginu Ölfusi og stundar eldi í sjókvíum á Austfjörðum. Fyrirtækið hefur heimild til 6.000 tonna ársframleiðslu á laxi í Reyðarfirði og fyrstu seiði á vegum fyrirtækisins voru sett í sjókvíar sumarið 2017. Stefnan er sett á frekari stækkun eldisins og umhverfismatsferli vegna hennar er langt á veg komið.

Með erindi þessu vilja Laxar fiskeldi ehf. koma á framfæri athugasemdum við frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða og þann hluta þess er varðar leyfisveitingu á sviðið fiskeldis í kjölfar gildistöku laganna.

### 18. gr. Breyting á öðrum lögum

Gerð er athugasemd við liði nr. 3 og 5:

3. *Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum:*

a. *Við 3. mgr. 5. gr. a laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sú starfsemi sem sótt er um starfsleyfi fyrir skal vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum, eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða sé um að ræða strandsvæði.*

b. *Við 4. mgr. 6. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Varði umsókn um leyfi strandsvæði samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða þar sem tillaga að strandsvæðisskipulagi hefur verið auglýst er leyfisveitanda heimilt að fresta afgreiðslu á leyfisumsókn þar til strandsvæðisskipulag hefur tekið gildi fyrir svæðið. Frestunin skal þó ekki vera lengri en sjö mánuðir nema sérstakar ástæður mæli með því.*

c. *Á eftir 3. másl. 6. gr. a laganna koma þrjár nýir málslíðir, svohljóðandi: Sú starfsemi sem sótt er um starfsleyfi fyrir skal vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum, eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða sé um að ræða strandsvæði. Hafi tillaga að strandsvæðisskipulagi verið auglýst er leyfisveitanda heimilt að fresta afgreiðslu á leyfisumsókn þar til strandsvæðisskipulag hefur tekið gildi fyrir svæðið. Frestunin skal þó ekki vera lengri en sjö mánuðir nema sérstakar ástæður mæli með því.*

5. Lög um fiskeldi, nr. 71/2008, með síðari breytingum:

a. Við 3. mgr. 4. gr. a laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Varði umsókn um leyfi strandsvæði samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða þar sem tillaga að strandsvæðisskipulagi hefur verið auglýst er leyfisveitendum heimilt að fresta afgreiðslu á leyfisumsókn þar til strandsvæðisskipulag hefur tekið gildi fyrir viðkomandi svæði. Frestunin skal þó ekki vera lengri en sjö mánuðir nema sérstakar ástæður mæli með því.

b. Á eftir 2. mgr. 10. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:  
Skilyrði fyrir útgáfu rekstrarleyfis er að fyrirhuguð starfsemi samræmist skipulagi á svæðinu samkvæmt skipulagslögum, eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða sé um strandsvæði að ræða.

Til að starfrækja fiskeldisstöð þarf rekstrarleyfi sem er gefið út samkvæmt lögum um fiskeldi, nr. 71/2008, og starfsleyfi sem er gefið út í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Stærri framkvæmdir á þessu sviði þurfa þar að auki að fara í gegnum umhverfismat skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, áður en sótt er um starfs- og rekstrarleyfi.

Umhverfismat er tímafrekt ferli sem getur tekið mörg ár í framkvæmd. Laxar fiskeldi hafa nú þegar verið í matsferli í 6 ár, en formlegt umhverfismat vegna stækkunar félagsins í Reyðarfirði hefur staðið yfir síðan 2013. Síðan þá hafa afturvirkar lagabreytingar ítrekað haft áhrif á málsmeðferð og málshraða.

Með ákvæðunum hér að ofan er lagt til að leyfisveitendum verði heimilt að bíða með afgreiðslu umsókna í 7 mánuði eftir að þær berast, hafi tillaga að skipulagi haf- og strandsvæða verið auglýst. Ekki er tekið sérstaklega fram út frá hvaða forsendum leyfisveitandi skuli nýta þá heimild sem ákvæði þetta gefur, en það mætti skýra nánar í lögnum.

Hér er einnig nauðsynlegt að líta til þess að framkvæmdaraðilar hafa í mörgum tilfellum farið í gegnum áralangt matsferli sem tekur mið af gildandi lögum að hverju sinni. Síðar tilkomnar lagabreytingar skapa margvíslegar tafir á málsmeðferð með tilheyrandi óvissu. Sú heimild sem stjórnvöldum er hér gefin til að draga málsmeðferð enn frekar er þar af leiðandi íþyngjandi fyrir framkvæmdaraðila sem unnið hafa að umhverfismati um árabíl.

Er því lagt til að tekið verði tillit til þeirra framkvæmdaraðila sem þegar hafa hafið matsferli og að afgreiðslutími þeirra umsókna haldist óbreyttur, óháð gildistöku laga sem hér eru til umfjöllunar. Sá afgreiðslutími umsókna sem tilgreindur er hér að ofan ætti þá aðeins við þau mál sem koma ný inn á borð stjórnarsýslunnar eftir að lögin taka gildi.

Að lokum er bent á mikilvægi þess að sæmræmis sé gætt á milli lagafrumvarps þessa og þeirra ákvæða sem snúa að úthlutun Hafrannsóknastofnunar á eldissvæðum til fiskeldis, sem lögð eru til í frumvarpi um lagabreytingar á ýmsum ákvæðum sem tengjast fiskeldi og er nú til umræðu hjá Atvinnuveganefnd Alþingis.

Fyrir hönd Laxa fiskeldis ehf.

Soffía Karen Magnúsdóttir  
soffia@laxar.is

Einar Örn Gunnarsson  
einar@laxar.is